

## REGLUR

### um endurgreiðslu á umtalsverðum útgjöldum sjúkratryggðra vegna læknishjálpar og lyfja.

#### 1. gr.

Sjúkratryggingadeild Tryggingastofnunar ríkisins er heimilt, í samræmi við reglur þessar, að endurgreiða sjúkratryggðum, að hluta eða að fullu, útgjöld vegna læknishjálpar og lyfja, enda teljast þau umtalsverð miðað við tekjur sjúkratryggðs eða fjölskyldu hans.

#### 2. gr.

Endurgreiðslur samkvæmt reglum þessum taka til eftirfarandi læknis- og lyfjakostnaðar sjúkratryggðs, sem stofnast hefur hérlandis:

- a. Hluta sjúkratryggðs í kostnaði við heimsóknir á heilsugæslustöð eða til heimilislæknis, vitjanir lækna, sérfræðilæknishjálpar, þar með taldar heimsóknir á göngudeild, slysadeild og bráðamóttöku, rannsóknir og röntgengreiningu, sbr. 2.–8. gr. rg. nr. 14/1993 um hlutdeild sjúkratryggðra í kostnaði vegna heilbrigðisþjónustu.
- b. Hluta sjúkratryggðs í kostnaði við nauðsynleg lyf, sbr. 3.–4. gr. og 6.–8. gr. rg. nr. 515/1992 um greiðslur almannatryggingar á lyfjakostnaði.
- c. Kostnaður sjúkratryggðs vegna annarra lyfseðilsskyldra lyfja, sbr. b-lið, sem sjúkratryggður þarf að neyta. Sjúkratryggingadeild Tryggingastofnunar getur krafist læknisvottorðs um þörf sjúkratryggðs á þessum lyfjum.

#### 3. gr.

Sjúkratryggður skal sanna útgjöld sín vegna læknis- og lyfjakostnaðar með framlögðum kvittunum, sem bera með sér nafn útgefanda, tegund þjónustu, fjárhæð, greiðsludag ásamt nafni og kennitölu hins sjúkratryggða.

#### 4. gr.

Við mat á því hvort endurgreiða skuli sjúkratryggðum útgjöld vegna læknishjálpar og lyfja skal leggja til grundvallar útgjöld sjúkratryggðs eða fjölskyldu að teknu tilliti til vergra heimilistekna.

#### 5. gr.

Sjúkratryggingadeild Tryggingastofnunar ríkisins er heimilt að endurgreiða að hluta eða að fullu útgjöld sem sjúkratryggður hefur sannanlega haft vegna læknis- og lyfjakostnaðar á hálfu almanaksári í senn.

Umsóknum vegna endurgreiðslna samkvæmt reglum þessum skal skilað til Tryggingastofnunar ríkisins eða umboða hennar eigi síðar en 1. september fyrir tímabilið 1. janúar – 30. júní og 1. mars fyrir tímabilið 1. júlí – 31. desember.

#### 6. gr.

Reglur þessar, sem settar eru með heimild í 43. gr. laga um almannatryggingar nr. 67/1971 með síðari breytingum, eins og ákvæðinu var breytt með 1. gr. laga nr. 74/1993, öðlast þegar gildi.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 10. júní 1993.*

**Sighvatur Björgvinsson.**

*Páll Sigurðsson.*